

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
b/t Sigurður Hreinsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 26. nóvember 2019  
UST201911-137/A.B.  
10.04.03

**Efni: Lýsing – Endurskoðun á deiliskipulagi frístundabyggðar - Nesjar –  
Nesjaskógur – Grímsnes og Grafninghreppur**

Vísað er til erindis aðstoðarmanns skipulagsfulltrúa Grímsnes – og Grafningshrepps er barst 20. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á endurskoðun á deiliskipulagi fyrir Nesja og Nesjaskóg í Grímsnes – og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram að á deiliskipulagssvæðinu sem er 45 ha, eru 38 frístundalóðir og eru þær allar byggðar nema ein. Markmið verkefnisins er að stækka afmörkun svæðisins í 48 ha, hnittsetja lóðir, uppfæra deiliskipulagsskilmála og skipuleggja flóttaleiðir.

**Birki**

Í greinargerð kemur fram að birkikjarr, lyng og ýmsar víðitegundir eru ríkjandi plöntur á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að birkið á svæðinu fellur undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess liggar deiliskipulagssvæðið að Þingvallavatni, en stöðuvötn stærri en 1.000 m<sup>2</sup> falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á það fjallað sé um vistkerfin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir

röskun á vistkerfunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirkni. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægiságerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Bakkagróður

Þar sem að tillagan liggar að Þingvallavatni bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.


### Trjárækt

Ef tillagan geri ráð fyrir skógrækt vill Umhverfisstofnun benda á 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem segir m.a.: „Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.“

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur